

Fylgiskjal með skattframtali 2022

Upplýsingar um framteljanda

Nafn	Kennitala
Heimili	Sveitarfélag

Upplýsingar um frádráttarbæra fjárfestingu í staðfestu hlutafélagi eða einkahlutafélagi

Félagið þarf að hafa hlotið staðfestingu ríkisskattstjóra. Listi yfir þau félög sem hlotið hafa staðfestingu Skattsins vegna ársins 2021 er á bakhlið og á skatturinn.is.

Nafn hlutafélags/einkahlutafélags	Kennitala félags	Kaupdagur	Nafnverð hlutabréfa	Kaupverð (sé að lágmarki 300.000 kr. pr. félag)

Heildarfjárfesting (hámark 15 milljónir kr.)

Heimill frádráttur (75%)

Frádráttur er 75% af heildarfjárfestingu. Hámark frádráttar er því 11.250.000 kr.

Ónotaður frádráttur frá fyrrí árum

Nýting frádráttar

Frádráttur notaður á móti tekjuskattstofni á skattframtali

Ónotaður frádráttur fluttur á fjármagnstekjuhlíð skattframtals

Frádráttur notaður á móti fjármagnstekjuskattstofni á skattframtali

Frádráttur sem ekki nýtist á móti fjármagnstekjuskattstofni og flyst til næsta árs

Frádráttarfjárhæðin færist á tekjuhlíð skattframtals RSK 1.01 og dregst þar frá tekjuskattstofni. Ef frádráttarfjárhæðin er umfram tekjuskattstofn flyst það sem umfram er yfir á fjármagnstekjuhlíð framtalsins og dregst þar frá fjármagnstekjuskattstofni, að teknu tilliti til frítekjumarks fjármagnstekna. Ef ennþá er til staðar ónýtt frádráttarheimild eftir nýtingu á móti fjármagnstekjuskattstofni, flyst hún yfir á næsta ár, en þó ekki lengur en næstu þrjú ár. Það sem enn er ónýtt af frádráttarheimildinni að þremur árum liðnum fellur niður.

Skilyrði fyrir frádrætti

- Fjárfestingin í ofangreindum félögum er að fullu greidd Já Nei
- Fjárfestingin er tilkomin vegna **hlutafjáraukningar** í ofangreindum félögum Já Nei
- Framteljandi staðfestir að hann sé **ekki tengdur** neinu ofangreindra félaga eða félagasamstæðum þess, **með nokkrum neðangreindum hætti**, og ekki hafi verið um **nein slík tengsl** að ræða í full tvö ár fyrir skráða hlutafjáraukningu Já Nei
- Framteljandi staðfestir að hann **eigi ennþá** ofangreind hlutabréf í árslok 2021 Já Nei

Á grundvelli fjárhagslegra hagsmuna tengdum félagini eða ef einstaklingur á eða mun eiga rétt á, með beinum eða óbeinum hætti, meira en 30% eignarhlutdeild í félagini eða atkvæðarétti þess. Einstaklingur telst jafnframt vera tengdur félagini ef viðskipti hans við félagið vegna hlutafjáraukningarárinnar eru ekki sambærileg því sem almennt gerist í viðskiptum milli ótengdra aðila.

ATH. Það þarf að eiga þau hlutabréf sem eru grundvöllur frádráttar í þrjú ár. Ef bréfin eru sold innan þriggja ára frá því fjárfestingin átti sér stað, verður að bakfæra upphaflega frádráttinum (tekjufæra með 15% álagi á söluári bréfanna).

ATH. Til að fjárfestar í félagi geti fengið skattfrádrátt vegna hlutabréfakaupa í félagini við hlutafjáraukningu þess, þarf félagið að skila inn **lista yfir þáttakendur í hlutafjáraukningunni** samhliða öðrum gagnaskilum félagsins í janúar árið eftir hlutafjáraukninguna.

Fram skal koma hver fjárfesting viðkomandi hluthafa var, og hvort hann sé ennþá eigandi hlutarins um áramót. Félagið skal einnig staðfesta að því sé ekki kunnugt um að viðkomandi fjárfestir sé tengdur félagini á þann hátt sem lýst er hér að framan (sbr. 6. tölul. 2. mgr. 1. tölul. B-liðar 1. mgr. 30. gr. laga nr. 90/2003).

Úr B-lið 30. gr. tekjuskattslaga nr. 90/2003:

Frá tekjum manna skv. II. kafla laga þessara, sem ekki eru tengdar atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi, má draga:

1. Allt að 50% frá tekjuskattstofni einstaklings, sbr. 1. og 3. gr., að viðbættum fjármagnstekjum, af fjárhæð sem hann sýnir fram á að sé til komin vegna fjárfestinga í hlutafélagi eða einkahlutafélagi sem uppfyllir skilyrði 2. og 3. mgr., við álagningu opinberra gjalda á árunum 2017, 2018, 2019, 2020, 2021, 2022, 2023, 2024 og 2025 vegna fjárfestinga á árunum 2016, 2017, 2018, 2019, 2020, 2021, 2022, 2023 og 2024. Fyrst skal dregið frá stofni til tekjuskatts og síðan fjármagnstekjuskattstofni, að teknu tilliti til frítekjumarks vegna vaxta- og leigutekna.

Til þess að einstaklingur geti nýtt sér heimild til frádráttar skv. 1. mgr. þurfa öll eftirfarandi skilyrði að vera uppfyllt:

1. Fjárfesting einstaklings í félagi nemi að lágmarki 300 þús. kr. á almanaksári.
2. Hver einstaklingur getur nýtt frádráttarheimild vegna heildarfjárfestinga sem nemi að hámarki 10 millj. kr. á almanaksári.
3. Einstaklingur geti sýnt fram á að fjárfesting hafi verið að fullu greidd.
4. Fjárfesting einstaklings sé til komin vegna hlutafjáraukningar í félagi.
5. Félagið skili lista til ríkisskattstjóra yfir þátttakendur hlutafjáraukningarinnar og aukningin sé skráð í hlutafelagaskrá.
6. Einstaklingur sé hvorki tengdur félagini né félagasamstæðum þess, tveimur árum fyrir skráða hlutafjáraukningu, á eftirfarandi hátt:

Á grundvelli fjárhagslegra hagsmunu tengdra félagini eða ef einstaklingur á eða mun eiga rétt á, með beinum eða óbeinum hætti, meira en 30% eignarhlutdeild í félagini eða atkvæðarétti þess. Einstaklingur telst jafnframt vera tengdur félagini ef viðskipti hans við félagið vegna hlutafjáraukningarinnar eru ekki sambærileg því sem almennt gerist í viðskiptum milli ótengdra aðila.

Félag skv. 1. mgr. þarf að uppfylla eftirfarandi skilyrði:

1. Félagið sé stofnsett á Íslandi eða innan annars EES-ríkis, aðildarríkis stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða í Færeymum og með fasta starfsstöð á Íslandi.
2. Hjá félagini starfi ekki fleiri en 25 starfsmenn og félagið sé með árlega veltu undir 650 millj. kr. og/eða efnahagsreikning undir 650 millj. kr. Ef félag er hluti af félagasamstæðu skal miða við samstæðuna í heild á grundvelli samstæðureiknings.
3. Félagið hafi lokið greiðslu á öllu lágmarkshlutafé vegna stofnunar þess.
4. Félagið hafi ekki verið skráð á skipulegan verðbréfamarkað.
5. Félagið hafi ekki, þegar hlutafjáraukning á sér stað, verið starfandi á markaði lengur en sjö ár frá fyrstu sölu þess í viðskiptalegum tilgangi.
6. Félagið sé rekið í hagnaðarskyni.
7. Félagið eigi ekki í fjárhagsvanda.
8. Íslenska ríkið eigi ekki útstandandi endurgreiðslukröfu á félagið vegna ólögmætrar ríkisaðstoðar.
9. Félagið hafi sent ríkisskattstjóra ársreikning sinn fyrir næstliðið reikningsár sem gerður hefur verið í samræmi við lög um ársreikninga.
10. Félagið sýni fram á að andvirði hlutafjáraukningarinnar verði ráðstafað í þágu viðskiptastarfsemi þess. Ef félagið hefur ekki hafið viðskiptastarfsemi ber að nota að lágmarki 30% af andvirðinu til rannsóknna eða þróunar að viðskiptastarfsemi sem hefjast skal innan tveggja ára frá skráningardegi hlutafjáraukningarinnar.
11. Hlutafjáraukning í félagi geti að hámarki numið 2.000 millj. kr. í heild. Ef félag er hluti af félagasamstæðu nær hámarkið til samstæðunnar.
12. Áður en hlutafjáraukning fer fram skal félag fá staðfestingu ríkisskattstjóra á því að öll skilyrði þessarar málsgreinar séu uppfyllt. Sækja skal um staðfestinguna á því formi sem ríkisskattstjóri ákveður og getur hann krafioð félagið um öll nauðsynleg gögn vegna hennar. Ríkisskattstjóri skal halda sérstaka skrá yfir þau félög sem hljóta staðfestingu samkvæmt ákvæði þessu og skal hún birt á vefsþæði ríkisskattstjóra. Ákvörðun ríkisskattstjóra má skjóta til yfirkattaneftndar eftir ákvæðum laga um yfirkattaneftnd.

Eftirtalin starfsemi félags fellur ekki undir ákvæði þetta:

- a. starfsemi sem felst í viðskiptum með fasteignir,
- b. starfsemi sem felst í útleigu fasteigna eða lausafjár,
- c. starfsemi eignarhaldsfélaga,
- d. starfsemi fjárfestingarfélaga,
- e. starfsemi eftirlitsskyldra aðila skv. 5. gr. laga um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, nr. 99/1999,
- f. starfsemi sem felst í útseldri þjónustu og ráðgjöf sérfræðinga,
- g. starfsemi sem felst í kvíkmyndaframleiðslu,
- h. starfsemi sem felst í mannvirkjagerð og hvers kyns viðhaldi og endurbótum á mannvirkjum,
- i. starfsemi tengd fjárfestingu og/eða rekstri hotela, gistiheimila og veitingastaða,
- j. starfsemi sem felst í útflytningi og innflutningi vara sem framleiddar eru og þroaðar af öðrum,
- k. starfsemi sem felst í hvers kyns námuvinnslu.

Ef einstaklingur sem notið hefur frádráttar skv. 1. mgr. selur þau hlutabréf sem voru grundvöllur frádráttarins innan þriggja ára frá því að fjárfesting fer fram skal bakfæra upphaflega frádráttinn. Bakfæður frádráttur samkvæmt þessari málsgrein skal færast til tekna á söluári viðkomandi hlutabréfa. Auk bakfærsu skal einstaklingur sem notið hefur frádráttar skv. 1. mgr. greiða 15% álag af fjárhæð ofnýttis frádráttar.

Ef frádráttur samkvæmt ákvæði þessu er hærri en tekjuskattstofn skattaðila að viðbættum fjármagnstekjum á almanaksári færst það sem umfram er milli ára þar til hann er fullnýttur, en þó ekki lengur en næstu þrjú ár. Það sem ónýtt er af frádráttarheimildinni að þremur árum liðnum fellur niður.

Bráðabirgðaákvæði LXVII

Þrátt fyrir ákvæði 1. tölul. B-liðar 1. mgr. 30. gr. skal einstaklingi heimilt að draga frá tekjuskattstofni sínum, sbr. 1. og 3. gr., að viðbættum fjármagnstekjum, 75% af fjárhæð sem hann sýnir fram á að sé tilkomin vegna fjárfestinga í hlutafélagi eða einkahlutafélagi sem uppfyllir skilyrði 2. og 3. mgr. 1. tölul. B-liðar 1. mgr. 30. gr. við álagningu opinberra gjalda á árunum 2021, 2022, 2023, 2024 og 2025 vegna fjárfestinga á árunum 2020, 2021, 2022, 2023 og 2024. Jafnframt skal einstaklingi heimilt, þrátt fyrir ákvæði 2. tölul. 2. mgr. 1. tölul. B-liðar 1. mgr. 30. gr., að nýta frádráttarheimild vegna heildarfjárfestinga sem nemi að hámarki 15 millj. kr. á almanaksári 2020, 2021, 2022, 2023 og 2024.

Ríkisskattstjóri hefur veitt eftirfarandi félögum staðfestingu á því að kaup á hlutabréfum úr hlutafjáraukningu þeirra geti veitt einstaklingum rétt á skattfrádrætti við álagningu að skilyrðum laganna uppfylltum:

1939 Games ehf. kt. 710815-2830	Klappir Grænar lausnir hf. 630914-1080	KOT Hugbúnaður ehf. 440220-1340
KoPrA ehf. kt. 591216-1200	EpiEndo Pharmaceuticals ehf. kt. 640114-0100	Laki Power ehf. 440914-0630
Media ehf. kt. 580913-1130	Gefn ehf. kt. 540610-1770	Expluria ehf. 600519-1070
Solid Clouds ehf. kt. 600913-2550	0101 ehf. kt. 540918-0660	Luminia Medical Solutions ehf. 521016-2130
Spectaflow ehf. kt. 650615-0260	Myrkur Games ehf. kt. 550916-0450	Yay ehf. 671218-0940
minester ehf. kt. 611217-0990	Neckcare Holding ehf. kt. 551117-1540	Snjallgögn ehf. kt. 650518-1600
Dropp ehf. kt. 580619-1260	Mussila ehf. kt. 600215-1670	Evolytes ehf. kt. 600617-1250